

ERINDISBRÉF

Stýrihópur um innleiðingu Hjólreiðaáætlunar Reykjavíkur 2021-2025

Ábyrgð:

Skipulags- og samgönguráð

Inngangur:

Hjólreiðaáætlun Reykjavíkur 2021-2025 var samþykkt í borgarstjórn þann 15. júní. Í áætluninni er sett fram framtíðarsýn fyrir hjólaborgina Reykjavík með mælanlegum markmiðum til ársins 2025 og þeim framkvæmdum og aðgerðum sem stefnt er að á tímabilinu. Lagt er til að fjárfestingar í nýjum hjólreiðainnviðum í Reykjavík verði að lágmarki fimm milljarðar króna á tímabilinu. Áætlunin byggir á fjórum yfirmarkmiðum sem öll hafa mælanleg undirmarkmið. Yfirmarkmiðin eru eftirfarandi:

- I. Aukin hlutdeild hjólreiða
- II. Bættir innviðir og sýnilegri hjólreiðar
- III. Bætt þjónusta
- IV. Hjólamenning

Hlutverk:

Að vinna að skilvirkri innleiðingu aðgerða hjólreiðaáætlunar og fylgja markmiðum hennar eftir.

Helstu verkefni:

Stýrihópnum er falið að vinna með sérfræðingum umhverfis- og skipulagssviðs að innleiðingu verkefna og aðgerða hjólreiðaáætlunar og frekari forgangsöðun þeirra. Miðað er við að stýrihópurinn hittist að lágmarki ársfjórðungslega og fari yfir stöðu innleiðingar, aðgerða og markmiða. Staða innleiðingar hjólreiðaáætlunar verði kynnt skipulags- og samgönguráði á fyrri hluta árs 2022.

Stýrihópurinn skipa eftirfarandi fulltrúar skipulags- og samgönguráðs:

Hjálmar Sveinsson, Katrín Atladóttir og Pawel Bartoszek.

Starfsmenn stýrihóps:

Með stýrihópnum starfi sérfræðingar umhverfis- og skipulagssviðs auk aðkeyptra ráðgjafa.

Starfstímabil:

Hópurinn hefji störf í ágúst 2021 og starfi til loka kjörtímabils borgarstjórnar.

Samþykkt á fundi skipulags- og samgönguráðs 7. júlí 2021.